

**Sýslumaður Austurlands**  
06 446

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Sýslumaður Austurlands**  
**kt. 410914-0770**  
**Bjólfsögötu 7, 710 Seyðisfjörður**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaður Austurlands er ríkisaðili í A-hluta. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 175,2 milljónir og afkoma kr. 6,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -1,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 32,6 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumanns Austurlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Austurlands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Lárus Bjarnason,  
sýslumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	172.900.000	163.750.000
Seld þjónusta .....	3	713.651	233.134
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	1.017.055	2.879.158
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	586.801	625.813
<b>Tekjur samtals</b>		<u>175.217.507</u>	<u>167.488.105</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	135.743.435	120.021.344
Annar rekstrarkostnaður .....	6	32.072.967	34.338.111
Afskriftir .....	7	586.801	625.813
<b>Gjöld samtals</b>		<u>168.403.203</u>	<u>154.985.268</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		6.814.304	12.502.837
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(12)	(1.178)
		(12)	(1.178)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>6.814.292</u></u>	<u><u>12.501.659</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		1.884.786	1.485.064
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>1.884.786</u>	<u>1.485.064</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	23.964.078	26.337.414
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		6.332.520	5.129.999
Handbært fé .....	10	395.107	147.213
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>30.691.705</u>	<u>31.614.626</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>32.576.491</u></u>	<u><u>33.099.690</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		(1.479.777)	(8.294.069)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(1.479.777)</u>	<u>(8.294.069)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	12.539.837	21.287.799
Viðskiptaskuldir .....		1.752.716	2.788.274
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	16.672.811	14.739.981
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	3.090.904	2.577.705
<b>Skuldir samtals</b>		<u>34.056.268</u>	<u>41.393.759</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>32.576.491</u></u>	<u><u>33.099.690</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		6.814.292	12.501.659
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	586.801	625.813
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(586.801)	(625.813)
		<u>6.814.292</u>	<u>12.501.659</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.202.521)	(3.921.524)
Tengdir aðilar .....		(6.261.149)	3.171.709
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		897.272	(12.732.913)
		<u>(6.566.398)</u>	<u>(13.482.728)</u>
		<u>247.894</u>	<u>(981.069)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(986.523)	(504.082)
		<u>(986.523)</u>	<u>(504.082)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		986.523	504.082
		<u>986.523</u>	<u>504.082</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		247.894	(981.069)
		<u>147.213</u>	<u>1.128.282</u>
		<u>395.107</u>	<u>147.213</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	172.900.000	163.750.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	586.801	625.813
	<u>173.486.801</u>	<u>164.375.813</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	165.400.000	0	0	165.400.000
Launabætur .....	1.500.000	0	0	1.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	6.000.000	0	0	6.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>172.900.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>172.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(166.085.708)	0	0	(166.085.708)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>6.814.292</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>6.814.292</b>

	2022	2021
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	305.251	213.503
Ýmsar þjónustutekjur .....	408.400	19.631
	<u>713.651</u>	<u>233.134</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	0	1.856.676
Kostnaðarhlutdeild .....	1.017.055	1.022.482
	<u>1.017.055</u>	<u>2.879.158</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	111.097.339	97.850.798
Orlof, breyting .....	(1.741.646)	(713.715)
Launatengd gjöld .....	25.719.242	22.490.712
Starfsmannakostnaður .....	668.500	393.549
	<u>135.743.435</u>	<u>120.021.344</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	11,2	10,3
------------------------------	------	------

### 6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	695.678	714.909
Byggingarvörur, almennar .....	0	4.961
Tæki og búnaður til innréttinga .....	26.206	0
Ýmis tæki og áhöld .....	121.879	479.578
Orkugjafir .....	918.303	1.487.911
Matvæli .....	1.738.109	1.340.991
Almennar rekstrarvörur .....	79.646	124.108
Vörukaup, almenn	<u>3.579.821</u>	<u>4.152.458</u>
Ýmsar sérgreindar vörur .....	15.146	69.102
Vörukaup, sérgreind	<u>15.146</u>	<u>69.102</u>

## Skýringar

	2022	2021	
<b>6 Annar rekstrarkostnaður, frh.</b>			
Fundur, námskeið, risna .....	167.670	30.000	
Ferðir, uppihald .....	336.093	331.408	
Akstur .....	1.381.524	797.432	
Sérfræðiþjónusta .....	2.868.429	1.750.769	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	818.993	159.817	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	537.107	378.836	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.454.848	1.216.608	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	7.564.664	4.664.870	
Afnotagjöld .....	4.048.883	7.259.364	
Leigugjöld .....	13.292.558	15.782.275	
Notkun véla og flutningatækja .....	33.212	25.860	
Verkkaup .....	2.800.001	1.760.198	
Kostnaðarhlutdeild .....	669.586	597.941	
Opinber gjöld .....	69.096	26.043	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	20.913.336	25.451.681	
Annar rekstrarkostnaður samtals	32.072.967	34.338.111	
<b>7 Afskriftir</b>			
Áhöld, tæki og búnaður .....	586.801	623.325	
Aðrar eignir .....	0	2.488	
	586.801	625.813	
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>	
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður .....	1.884.786	1.485.064	
	1.884.786	1.485.064	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 01.01.2022 .....	5.859.747	27.037	5.886.784
Viðbætur á árinu .....	986.523	0	986.523
	6.846.270	27.037	6.873.307
Afskriftir 01.01.2022 .....	4.374.683	27.037	4.401.720
Afskrift ársins .....	586.801	0	586.801
	4.961.484	27.037	4.988.521
Staða 31.12.2022 .....	1.884.786	0	1.884.786

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	23.964.078	26.229.131
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	0	108.283
	<u>23.964.078</u>	<u>26.337.414</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	12.539.837	21.287.799
	<u>12.539.837</u>	<u>21.287.799</u>

### 10 Handbært fé

Sjóðir .....	163.164	123.953
Tékkareikningar .....	231.943	23.260
	<u>395.107</u>	<u>147.213</u>

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	(8.294.069)	(20.795.728)
Afkoma ársins .....	6.814.292	12.501.659
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(1.479.777)</u>	<u>(8.294.069)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	12.695.884	14.437.530
Önnur ógreidd gjöld .....	3.976.927	302.451
	<u>16.672.811</u>	<u>14.739.981</u>

## Skýringar

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	1.884.786	1.485.064
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	1.206.118	1.092.641
	<u>3.090.904</u>	<u>2.577.705</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	1.485.064	1.092.641	2.577.705
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.100.000	1.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	986.523	(986.523)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(586.801)	0	(586.801)
	<u>1.884.786</u>	<u>1.206.118</u>	<u>3.090.904</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 0,4 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði ótímabundið og nema árlegar greiðslu vegna húsaleigu kr. 18,1 milljón.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.